

245. fundur - 9. febrúar 2006

Fundur settur kl. 15:08. Mætt eftirfarandi: Gústaf Jökull Ólafsson oddviti, Egill Sigurgeirsson varaoddviti, Björk Bárðardóttir og Guðmundur Ólafsson. Þórður Jónsson hafði boðað seinkun. Einnig sat sveitarstjóri fundinn og reit fundargerð.

Oddviti las upp boðaða dagskrá. Sveitarstjóri óskaði eftir að bæta fjórum málum við dagskrána og var það samþykkt.

Var nú gengið til dagskrár:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerðir hreppsnefndar frá 15. desember 2005 (243. fundur) og 13. janúar 2006 (244. fundur).

Þórður kom inn á fundinn kl. 15:20

Engar athugasemdir.

- 2) Fundargerð minka- og refanefndar 7. febrúar 2006. Einnig var lagt fram bréf frá Reyni Bergsveinssyni þar sem hann kynnir nýstofnað fyrirtæki sitt, Vaskur á bakka ehf, en tilgangur þess félags er að vinna að framförum varðandi refa- og minkaveiðar.

Í fundargerðinni kemur fram að minkanefndin leggur til að sótt verði um styrk til umhverfisráðuneytis til verulegrar fækkunar á mink í Reykhólahreppi, en sérstök fjárveiting er til átaksverkefnis á fjárlögum 2006.

Fundargerð samþykkt. Sveitarstjóra falið að sækja um styrk til umhverfisráðuneytis. Minka- og refanefnd falið að koma með tillögu að gjaldskrá fyrir verðlaun. Ákvörðun um þjónustusamning við Reyni Bergsveinsson frestað uns afgreiðsla á styrkbeiðni skýrist, en hreppsnefnd óskar eftir góðu samstarfi við Reyni Bergsveinsson hér eftir sem hingað til.

- 3) Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 8. febrúar 2006.

1. liður samþykktur.
2. liður samþykktur
3. liður. Styrkbeiðni frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur til þess að útbúa spurningaspil sem snýst um sögu og landafræði Reykhólahrepps. Samþykktur styrkur kr. 20.000,- Guðmundur Ólafsson sat hjá.

Mál til afgreiðslu

- 1) Erindi frá "Veraldarvinum" sem óska eftir að vinna aftur að náttúruverndarverkefni með Reykhólahreppi sumarið 2006 eins og þeir gerðu sumarið 2005. Samþykkt.
- 2) Erindi frá Unnsteini Hjálmari Ólafssyni á Grund (beiðni um að Reykhólahreppur óski eftir kaupum á jörðinni Börmum við Berufjörð). Enn fremur var lagt fram bréf frá Jóni Ólafssyni og Birnu Sigurjónsdóttur sem hafa haft spildu úr jörðinni á leigu en eigandi Barma er ríkissjóður. Í landi Barma er elsti torfbær á Vestfjörðum og er hann í eigu Jóns og Birnu.

Unnsteinn Hjálmar telur það þjóna hagsmunum hreppsins að hann eignist Barma, en óskar síðan eftir að hreppurinn selji Grund hluta jarðarinnar.

Samþykkt að óska eftir því við landbúnaðarráðuneytið að Reykhólahreppur fái jörðina Barma keypta. Fáist jörðin keypt, verður í framhaldi af því tekin ákvörðun um ráðstöfun jarðarinnar.

- 3) Perlan Vestfirðir 2006, erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Sveitarstjóra og Sigurbjörgu Daníelsdóttur falið að kanna áhuga ferðafjóna og fyrirtækja í hreppnum.
- 4) Ferðafjónustublaðið Vestfirðir sumarið 2006, styrkbeiðni frá útgefanda. Farið er fram á kr. 50.000,- Samþykkt.
- 5) KSÍ-sparkvöllur í Reykhólahreppi, erindi frá KSÍ. Samþykkt að sækja um sparkvöll sem lagður yrði árið 2007.
- 6) Tillaga að gjaldskrá fyrir útleigu Reykhólaskóla og Vogalands.

Guðmundur Ólafsson yfirgaf fundinn kl. 17:18
Guðmundur Ólafsson (sign)

Gjaldskráin samþykkt.

7) Samþykkt launanefndar sveitarfélaga vegna stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat við nefndina. Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að fara yfir þessi mál sem verði afgreidd endanlega við endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Mál til kynningar

- 1) Sjóminjasafn Breiðafjarðar, hugmyndir Aðalsteins Valdimarssonar kynntar af honum sjálfum.

Aðalsteinn mætti á fundinn og gerði grein fyrir hugmyndum sínum, lagði fram teikningar o.fl. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við mjólkurbúshúsið á Reykhólum þar sem sýndir yrðu gamlir bátar og fleiri sjóminjar í tengslum við hlunnindasýninguna.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun:

Hreppsnefnd Reykhólahrepps lýsir yfir hrifningu sinni með áform um uppbyggingu sjóminjasafns Breiðafjarðar á Reykhólum og styður eindregið framgang þessa máls. Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að stefnt verði að því að sjóminjasafninu verði komið fyrir í viðbyggingu við núverandi safnahús hreppsins, eins og framtillögur unnar af byggingarfulltrúa gera ráð fyrir.

- 2) Sameiginlegt svar oddvita, varaoddvita og sveitarstjóra dags. 24. janúar 2006 við fyrirspurn Skipulagsstofnunar varðandi nýtt vegstæði Vestfjarðavegar nr. 60 í Gufudalssveit.
- 3) 64. fundur Breiðafjarðarnefndar 12. desember 2005.
- 4) 64. fundur barnaverndar 12. janúar 2006 á norðanverðum Vestfjörðum, fundargerð.
- 5) Framlag til Markaðsstofu Vestfjarða árið 2005, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
- 6) 52. fundur heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis 9. desember 2005, fundargerð.
- 7) Niðurstaða dómsmálaráðherra varðandi nýskipan lögreglumála. Lögreglustjórn í Reykhólahreppi mun samkvæmt þessu flytjast frá Patreksfirði til Ísafjarðar.
- 8) Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga apríl til október 2005 (sex fundargerðir).
- 9) Vinnuverndaráttak í grunnskólum 2006, erindi frá Vinnueftirlitinu.

10) Fjárveitingar á fjárlögum 2006 til hlunnindasýningar (2 milljónir) og til Flateyjarbókasafns (0,5 milljónir). Erindi frá fjárlaganefnd.

Jóhannes G. Gíslason frá Skáleyjum var mættur á fundinn og rakti sögu Flateyjarbókasafnsins. Hluti þess er í geymslum Reykhólaskóla og hluti í geymslum Landsbókasafns í Reykjavík. Æskilegt væri ef hluti þess yrði til sýnis í Flatey en safnið að öðru leyti varðveitt á Reykhólum. Safn þetta þykir merkilegt, enda eitthvert elsta almenningsbókasafn á Íslandi.

Í lok fundar gat sveitarstjóri þess að til stæði að halda íbúafund á Reykhólum miðvikudaginn 22. febrúar kl. 20:30 þar sem Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp væri kynnt. Sá fundur er á vegum umhverfis- og náttúruverndarnefndar Reykhólahrepps.

Enn fremur vakti sveitarstjóri athygli á fundi samgönguráðherra á Patreksfirði 12. mars nk. þar sem kynnt verður fjarskiptaáætlun til ársins 2010.

Fleira ekki gert. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)